

Hið íslenska náttúrufræðifélag

Fundargerð



Aðalfundur HÍN 2014.

Haldinn laugardaginn 22. febrúar 2014 kl. 14:00 í Þjóðminjasafni Íslands.

Mættir: Allir úr núverandi stjórn nema Árni Hjartarson (ÁH) og Ester Ýr Jónsdóttir (EÝJ). Niu aðrir gestir.

	Dagskrárliðir:	Áb.
1.	Fundur settur af Hafðísi Hönnu Ægisdóttur (HHÆ), varaformanni HÍN, kl. 14:30.	
2.	Fundarmenn völdu fundarstjóra, Kristínu Svavarsdóttur (KS), og fundarritara, Herdísu Helgu Schopka (HHS), ritara HÍN, að tillögu HHÆ. Fundarstjóri lýsti því að fundurinn hafi verið löglega boðaður.	
3.	Skýrsla stjórnar HÍN fyrir starfsárið 2013 kynnt. HHÆ las.	
4.	Kynning á ársreikningum HÍN fyrir starfsárið 2013. Fráfarandi gjaldkeri HÍN, Kristinn J. Albertsson (KJA), kynnti. Árið var um margt sérstakt, aðallega vegna dráttar á útgáfu Náttúrufræðingsins. Félagið myndi koma út í miklum plús fyrir árið ef ekki væri tekið tillit til þess að enn á eftir að gefa út helming tölublaða ársins. Tap af rekstrinum án fjármagnsliða var 133.032 kr. Sú tala lækkar um u.þ.b. 10.000 kr þegar fjármagnsliðir eru teknir inn. Niðurstaða reikningsskila er matskennd þar til endanlegar tölur vegna útgáfu Náttúrufræðingsins er komnar inn. Miklar kröfur eru útistandandi. DVD-diskurinn "Kunstir náttúrunnar" hefur fært félaginu um 190.000 kr í hreinar tekjur. Innheimta félagsgjalda hefur verið vandkvæðum háð. Enn eru 2,2 milljónir kr útistandandi í eldri árgjöldum, þar eru óinnheimt félagsgjöld fyrir 2013 ekki talin með. Félagsgjöld hafa ekki hækkað til samræmis við neyslúvísitölu nema þá helst almennu gjöldin. KS bar áritaða reikninga, yfirfarna af endurskoðendum, undir fundinn. Þeir voru samþykktir með handauppréttingu með miklum meirihluta greiddra atkvæða.	
5.	Skýrsla fulltrúa HÍN í nefndum 2014. Þessum dagskrárlið voru gerð skil í skýrslu stjórnar.	
6.	Ályktanir. Tvær ályktanir voru bornar undir fundinn: Ályktun um NMSÍ: Fundurinn samþykkti tillögu Hjörleifs Guttormssonar um að breyta andblæ upphafs ályktunarinnar, stjórn falið að breyta orðalaginu. Ályktunin, með skilyrði um þessar breytingar, var samþykkt einróma. Ályktun um náttúrufræðikennslu: Samþykkt nær einróma eftir minniháttar orðalagsbreytingar.	
7.	Kjör í stjórn. Kjörtími JP, HHÆ, ÁH og KJA er nú runninn út og allir nema KJA buðu sig fram til áframhaldandi stjórnasetu. ÁH var einn í kjöri til formanns og var hann kosinn einróma. Embætti KJA, HHÆ og JP voru laus til kosninga. Kristján Jónasson (KJ) hafði boðið sig fram í embætti KJA, HHÆ og JP buðu sig aftur fram í sín embætti. Þessir þrír aðilar voru kjörin í einu lagi, einróma. Skoðunarmenn reikninga, Þóroddur F. Þóroddsson, Arnór Þórir Sigfússon og Hreggviður Norðdahl, voru allir kjörnir með öllum greiddum atkvæðum.	

8.	Önnur mál. Undirritun samstarfssamnings HÍN og NMSÍ. KS las samninginn fyrir viðstadda. HHÆ og Hilmar J. Malmquist (HJM), forstöðumaður NMSÍ, skrifuðu undir. HJM sagði nokkur orð um mikilvægi samningsins fyrir safnið. KJA yfirgaf stjórn eftir 18 ára stjórnarsetu. Honum voru þökkuð góð störf og hann leystur út með blómum.	
-----------	---	--

Fundi slitið kl. 16:20. Ekki fleira fært til bókar. HHS ritaði fundargerðina.